



Tillögur fyrir aðalfund IcelandSIF 25. maí 2022

Tillaga um þóknun til stjórnarmanna

Lagt er til að ekki verði greidd stjórnarlaun.

Tillögur vegna stjórnarkjörs

Í samræmi við 6. gr. samþykktu félagsins skal stjórn skipuð fimm til sjö stjórnarmönnum sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Tilkynna skal framboð til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Eftirfarandi tillögur hafa borist um framboð til stjórnar:

- Enn er opið fyrir móttöku framboða til stjórnar.
- Tilkynningar um framboð til stjórnar þurfa að berast í tölvupósti á netfangið icelandsif@icelandsif.is eða með öðrum skriflegum hætti til stjórnar félagsins, í síðasta lagi kl. 16:00 miðvikudaginn 18. maí.

Tillaga um kosningu endurskoðanda/skoðunarmanns

Tillaga um að Deloitte ehf., kt. 521098-2449, verði kjörið endurskoðandi félagsins.

Tillaga um félagsgjald

Lagt er til að félagsgjald verði óbreytt.

Tillögur stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins:

Í samræmi við 8. gr. samþykktu félagsins er heimilt að breyta samþykktum þess með samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi eða aukafundi. Breytingin tekur gildi frá og með þeim fundi sem hún er samþykkt á.

Stjórn félagsins leggur til eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins:

- 1. gr. – Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi (í stað áður Reykjavík).*
- 2. gr. – Einu orði breytt í tilgangi félagsins þar sem tilgangurinn er að efla þekkingu „félagsaðila“ í stað áður tilvísunar í „fjárfesta“.*
- 5. gr. – Einu orði breytt þ.e. aukaaðila tekið út í ljósi þess að félagsaðilar tiltaka bæði aðildarfélög og aukaaðila.*
- 5. gr. – Nýrri málsgrein er bætt við sem heimilar rafræna þátttöku og verður svohljóðandi:*

Tillögur fyrir aðalfund IcelandSIF 25. maí 2022



„Stjórn er heimilt að ákveða að félagsaðilar geti tekið þátt í aðalfundi eða aukafundi félagsaðila með rafrænum hætti án þess að vera á fundarstað. Stjórn er jafnframt heimilt að ákveða að aðalfundur eða aukafundur félagsaðila verði aðeins haldinn rafrænt. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal þess sérstaklega getið í fundarboði. Í fundarboði skulu koma fram upplýsingar um tæknibúnað auk upplýsinga um það hvernig félagsaðilar tilkynni um rafræna þátttöku sína og hvar þeir nálgist upplýsingar, leiðbeiningar og aðgangsorð til þátttöku í fundinum.“

10. gr. (áður ákvæði til bráðabirgða) – Ákvæðinu er breytt úr bráðabirgðaákvæði og fær númerið 10. gr. og heitið „Gildistaka“.

Fyrsta málsgrein er felld brott er varðaði tímabundna heimild stofnfundar félagsins til að kjósa fyrstu stjórn þess en ákvæðið skyldi fellt brott úr samþykktunum eftir fyrsta aðalfund félagsins.

Samþykktir IcelandSIF samþykktar á aðalfundi og staðfestar af stjórn félagsins þann 25. maí 2022

Stjórnin, 11. maí 2022